

KIRKJUGARÐARÁÐ

156. fundur haldinn fimmtudaginn 14. mars 2019 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður ráðsins sem stýrði fundi, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Smári Sigurðsson forstjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings boðaði forföll og sótti Indriði Valdimarsson fundinn í hans stað.

Gestur fundar: Jóhannes Finnur Halldórsson hagfræðingur (undir lið 2).

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar lögð fram.

Fundur var settur kl. 14:00.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

2. Þróun á skiptingu grafargjaldsins undanfarin ár.

Jóhannes Finnur Halldórsson kynnti. Fram kom hjá honum að kostnaður vegna prestsþjónustu við útfarir hefur frá árinu 2013 hækkað umtalsvert án þess að framlög frá ríkinu hafi hækkað að sama skapi. Var ákveðið að fá formann Prestafélags Íslands á næsta fund ráðsins til að ræða skiptingu grafargjaldsins.

3. Reglur um umgengni fyrir Sauðárkróskirkjugarð.

Samþykkt var að kannað yrði hjá dómsmálaráðuneytinu hvort ákvæði 22. gr. standist, það er að rísi ágreiningur um túlkun reglnanna megi skjóta þeim til kirkjugarðaráðs.

4. Bessastaðakirkjugarður – tillaga að afmörkun garðsins.

Guðmundur Rafn Sigurðsson kynnti tillögu sína sem hann hafði unnið í samráði við sóknarnefnd.

5. Svar frá persónuvernd til KGRP og KGSÍ vegna nýrra persónuverndarlaga.

Bréf lagt fram til kynningar. KGRP þarf ekki að setja persónuverndarstefnu vegna rekstur heimasíðu garðanna og ekki heldur KGSÍ vegna upplýsingavefsins gardur.is. Stofnunin bendir hins vega á að slík stefna geti verið nytsamleg vegna ákvæða um persónuvernd.

6. Næsti fundur.

Næsti fundur verður haldinn 11. apríl kl.14:00.

7. Önnur mál.

Ekkert rætt undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:05

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari